



Fundargerð

Stjórn VJB - 138. fundur stjórnar VJB haldinn í Urriðaholtsstræti 6-8 og fjarfundi, 27. apríl 2020, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Auður H. Ingólfssdóttir, formaður stjórnar,
Vilhjálmur Árnason, varamaður formanns stjórnar,
Anna Dóra Sæþórsdóttir, varaformaður stjórnar,
Anton Freyr Birgisson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skútustaðahrepps,
Ásta Berghildur Ólafsdóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Ásahrepps,
Sigrún Blöndal, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Fljótsdalshéraðs,
Matthildur Ásmundardóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitafélagsins Hornafjarðar,
Sævar Þór Halldórsson, aðalfulltrúi, tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum,
Snorri Ingimarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af Samtökum útivistarfélaga,
Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs,
Ingibjörg Smáradóttir, sérfræðingur á skrifstofu Vatnajökulsþjóðgarðs,

Gestir:

Gunnlaugur Róbertsson, mannvirkja og gæðafulltrúi,
Ragnheiður Björgvinsdóttir, mannauðsstjóri,
Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri.

1. Svæðisráð norðursvæðis - 70 - 2004001F

Formaður svæðisráðs norðursvæðis fór yfir fundargerð norðursvæðis.

2. Svæðisráð suðursvæðis - 79 - 2003005F

Formaður svæðisráðs suðursvæðis fór yfir fundargerð suðursvæðis.

3. Svæðisráð vestursvæðis - 82 - 2003003F

Formaður svæðisráðs vestursvæðis fór yfir fundargerð vestursvæðis.

4. Svæðisráð vestursvæðis - 83 - 2004002F

Formaður svæðisráðs vestursvæðis fór yfir fundargerð vestursvæðis.

Stjórn felur stjórnarformanni og framkvæmdastjóra, í samvinnu við aðra í stjórn, að vinna minnisblað vegna Vonarskarðs fyrir næsta stjórnarfund, með tillögum að næstu skrefum í kjölfar þess að umsögnum hefur verið skilað inn.

5. Rekstur 2020 - 2003002

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um stöðu reksturs þjóðgarðsins fyrstu þrjú mánuði ársins. Janúar til og með mars.

Einnig minnisblað frá framkvæmdastjóra og fjármálastjóra um áhrif Covid á reksturinn og viðbrögð framundan

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs - 13:00

Fjármálastjóri kynnti stöðuna í rekstri Vatnajökulsþjóðgarðs fyrstu mánuði ársins 2020

sem er í góðu jafnvægi. Vegna COVID19 faraldursins er fyrir séð að ríflega 200 milljóna sértekjur munu ekki innheimtast á árinu 2020 vegna fækkunar gesta. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur unnið með stjórnendum Vatnajökulspjóðgarðs að lausnum vegna þessa sértekjufalls og liggur nú fyrir að stofnunin muni fá viðbótarfjárfamlags til að tryggja eðlilegan rekstur út árið 2020. Stjórn fagnar því að tekið sé tillit til þarfa þjóðgarðsins á erfiðum tímum og felur framkvæmdastjóra og fjármálastjóra að uppfæra rekstraráætlun í takt við þær breytingar sem kynntar voru á fundinum.

6. Mannauðsmál og sumarráðningar 2020 - 2004019

Fyrir fundinum lágu upplýsingar frá mannauðsstjóra um ráðningamál sumar 2020.

Gestir

Ragnheiður Björgvinsdóttir, mannauðsstjóri Vatnajökulspjóðgarðs - 13:00

Mannauðsstjóri kynnti stöðuna varðandi ráðningar sumarstarfsfólks. Samtals 76 sumarstarfsmenn hafa verið valdir úr hópi umsækjenda til starfa hjá Vatnajökulspjóðgarði. Flestir sem ráðnir verða eru landverðir sem hafa starfað áður fyrir þjóðgarðinn. Einnig er unnið að því með umhverfis- og auðlindaráðuneytinu að skilgreina fleiri störf fyrir háskólastúdenta vegna átaks stjórnvalda.

7. Framkvæmdir í Vatnajökulspjóðgarði 2020 - 2004020

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um framkvæmdir innan þjóðgarðs.

Gestir

Gunnlaugur Róbertsson, mannvirkja- og gæðafulltrúi Vatnajökulspjóðgarðs - 13:00

Mannvirkja og gæðafulltrúi fór yfir framkvæmdir hjá Vatnajökulspjóðgarðs á árinu 2020. Um er að ræða verkefni sem eru kostuð úr Innviðasjóð og á fjárlögum. Umfang framkvæmda hjá Vatnajökulspjóðgarði á árinu 2020 er yfir 1 milljarður króna og eru helstu framkvæmdir eftirtaldar:

- Gestastofa á Kirkjubæjarklaustri
- Þjónustuhús við Dettifoss vestur
- Göngupallar við Dettifoss
- Bílastæði við Ásbyrgi
- Göngustígur í Ásbyrgi
- Útsýnispallur í Ásbyrgi
- Frárennsliskerfi í Skaftafelli
- Uppbygging fyrstu innviða við Jökulsárlón
- Blanda við Geldingafell, göngubrú
- Laki göngustígar

8. Endurskoðun á Aðalskipulagi Ásahrepps 2020-2032 - 2004006

Fyrir fundinum lá umsögn svæðisráðs vestursvæðis.

Bréf Vatnajökulspjóðgarðs kynnt vegna endurskoðunar aðalskipulags Ásahrepps.

9. Handbók - stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs - 2003041

Fyrir fundinum lá handbók um stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs til kynningar.

Fulltrúar í stjórn Vatnajökulspjóðgarðs fagna útgáfu á handbók um stjórnunar- og verndaráætlun sem er verkfæri til að samræma vinnubrögð og til fræðslu um eðli og innihald slíkrar áætlunar.

10. Innleiðingarætlun atvinnustefnu Vatnajökulspjóðgarðs - 1911002

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um stöðu mála vegna innleiðingar.

Gestir

Ingibjörg Smáradóttir, sérfræðingur á skrifstofu Vatnajökulspjóðgarðs - 15:00

Undanfarna mánuði hefur verið unnið að innleiðingu á atvinnustefnu Vatnajökulspjóðgarðs sem samþykkt var sumarið 2019. Reglugerð um atvinnustarfsemi í Vatnajökulspjóðgarði var í framhaldi þessa birt þann 20. mars 2020.

Ingibjörg Smáradóttir, sérfræðingur á skrifstofu, kynnti vinnu við skjöl og samninga vegna umsókna sem fyrirtæki og einstaklingar geta sent Vatnajökulspjóðgarði vegna óska um atvinnustarfsemi í þjóðgarðinum. Gert er ráð fyrir að umsóknir fari gegnum sérstaka vefgátt.

11. Skipurit og stjórnskipulag Vatnajökulspjóðgarðs - 2004018

Fyrir fundinum lágu drög til samþykktar.

Allt frá því að Vatnajökulspjóðgarður var stofnaður árið 2008 hefur ekki verið samþykkt formlegt skipurit og skýringar með því fyrir stofnunina og hefur Ríkisendurskoðun m.a. bent á mikilvægi þess að bæta úr þessu.

Stjórn fagnar því að útbúið hefur verið skjal um skipurit og stjórnskipulag Vatnajökulspjóðgarðs. Ákveðið að fulltrúar í stjórn rýni skjalið og að það verði tekið til afgreiðslu og samþykktar á næsta fundi stjórnar.

12. Fundaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs 2020 - 1911001

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um áætlaða fundi stjórnar á svæðum sumar 2020.

Farið yfir fundaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs það sem eftir er ársins 2020. Lagt er til að fundi stjórnar 11. maí verði frestað til 25. maí og að hann verði fjarfundur en ekki staðfundur á suðursvæði eins og áður hafði verið áformað. Í staðinn verði fundur stjórnar þann 12. október kl. 13:00 nk. staðfundur á suðursvæði. Skrifstofu þjóðgarðsins falið að uppfæra áætlunina og birta bæði á innri og ytri vef stofnunarinnar.

13. Skýrsla framkvæmdastjóra - 1808006

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu mál frá síðasta stjórnarfundi.

Fundargerð ritaði: Ingibjörg Smáradóttir, fundarritari.

Fundi slitið kl. 16:00.